

# Fréttabréf

## Hörgárbyggðar

12. tbl., 7. árg., 4. ágúst 2007 Ábm.: Guðmundur Sigvaldason

### Um undanþágu frá gangnaskyldu

Vakin er athygli á eftirfarandi ákvæði í vinnureglum fjallskilaneftndar Hörgárbyggðar:

**“Undanþágur frá gangnaskyldu er ekki veittar nema viðkomandi fjáreigandi hafi allt sitt fé í girðingum sumarlangt, enda séu þær sauðheldar að mati sveitarstjórnar.”**

Þeir sem telja sig falla undir þetta ákvæði að þessu sinni þurfa að sækja um undanþágu til fjallskilaneftndarmanna eða á skrifstofu Hörgárbyggðar í síðasta lagi 15. ágúst 2007.

### Árétting um tímasetningu gangna 2007

Eins og kom fram í síðasta fréttabréfi verða göngur í Hörgárbyggð á réttum tíma skv. fjallskilareglugerð, þ.e. í 22. viku sumars (aðalgangnadagur 15. sept.), nema í Glæsibæjardeild og Syðri-Bægisárdal. Þar verður þeim flýtt um viku, þ.e. gangnadagur verður 8. sept.

### Skrifstofa Hörgárbyggðar

Skrifstofan er opin að jafnaði frá 10:00 til 12:00 og 13:00 til 15:00 á virkum dögum, nema á föstudögum. Símatími er á sama tíma.

Sími: 461-5474, fax 461-5475. Netfang: horgarbyggd@horgarbyggd.is.

Veffang: [www.horgarbyggd.is](http://www.horgarbyggd.is)

## **Gatnagerð á verslunar- og þjónustusvæðinu við Lækjarvelli**

Gerður hefur verið samningur við Efnis- og malarsöluna Björgum ehf. um gatnagerð fyrir 1. áfanga gatnagerðar fyrir verslunar- og þjónustusvæðinu við Lækjarvelli, sem er við vegamót Hringvegjar og Blómsturvallavegar.

Skv. samningnum mun lóðin Lækjarvellir 1, sem Vélaver hf. hefur fengið úthlutað, verða byggingarhæf um miðjan september nk.

Þá hefur lóðinni Lækjarvöllum 6 verið úthlutað. Aðrar lóðir á svæðinu, sem verða byggingarhæfar í haust, verða auglýstar lausar til umsóknar síðar í mánuðinum.

## **Fundur með fulltrúum Vegagerðarinnar**

Í tengslum við gerð aðalskipulags fyrir Hörgárbyggð var haldinn fundur með fulltrúum Vegagerðarinnar þann 11. júní sl. Á fundinum voru Oddur Gunnarsson, formaður skipulags- og umhverfisnefndar, Yngvi Þór Loftsson, skipulagsráðgjafi, og Guðmundur Sigvaldason, sveitarstjóri, frá Hörgárbyggð og Birgir Guðmundsson, svæðisstjóri, og Guðmundur Heiðreksson, deildarstjóri, frá Vegagerðinni. Á fundinum var kynnt og rædd niðurstaða samstarfshóps Hörgárbyggðar og Akureyrarbæjar vegna skipulags á sveitarfélagsmörkum um nauðsyn á vegtengingu frá Hlíðarvegi (nr. 818) suður á Hlíðarfjallsveg og rætt um vegtengingu Húsa-smiðjunnar. Einnig var rætt um reiðleiðir, væntanlegar vegaframkvæmdir í sveitarfélaginu o.fl.

## **Skýrsla um fráveitumál**

Á fundi sveitarstjórnar 20. júní sl. var lögð fram skýrsla frá Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen (VST) um tæknilega valkosti við tengingu Skógarhlíðarhverfis við fráveitukerfi Akureyrarbæjar. Ákveðið var að unnið verði áfram að málinu á grundvelli skýrslunnar. Í haust mun þetta mál væntanlega skýrast nánar.

## **Næsti fundur sveitarstjórnar verður 15. ágúst 2007**

Dagskrá fundarins mun birtast á heimasíðu sveitarfélagsins síðdegis 13. ágúst og liggja frammi á skrifstofunni frá sama tíma